

**Umsögn Samtakanna '78, 14. nóv 2011,  
140. löggjafarþing 2011–2012, 4. mál,  
Tillaga til þingsályktunar um staðgöngumæðrun**

Staðgöngumæðrun er málefni sem snertir félagsmenn Samtakanna '78 á mjög ákveðinn hátt og því fögnum við því að málið sé tekið til umræðu á Alþingi. Stjórn Samtakanna hefur ákveðið að taka ekki opinbera afstöðu varðandi staðgöngumæðrun sem slíka enda hafa margir félagsmenn okkar sterkar skoðanir á málinu, bæði með og á móti. Þannig heyrast raddir innan okkar hóps sem ekki vilja öðlast réttindi (í þessu tilviki réttinn til að eignast börn með aðstoð staðgöngumóður) ef þau réttindi fást á kostnað annarra (staðgöngumóður). Félagar Samtakanna hafa mátt berjast hart fyrir sínum mannréttindum og sú krafa að ekki megi skerða mannréttindi einnar manneskju til þess að færa annari manneskju réttindi stendur okkur nærri. Mjög mikilvægt er að tryggja sem best að úrræðið verði ekki misnotað og fólk notfæri sér ekki neyð kvenna sem ganga með barn fyrir aðra. Gæta skal þess í hvívetna að staðgöngumæður njóti fullra réttinda og stuðnings í ferlinu og að staðganga sé eingöngu leyfð af velgjörð en ekki í hagnaðarskyni.

Með nýlegri löggjöf um tæknifrjóvganir hafa lesbíum opnast flestar leiðir til barneigna, en ættleiðing er eina úrræðið sem stendur hommum til boða. Ættleiðing virkar ekki í raun sem úrræði fyrir þá því þau lönd sem Ísland er með ættleiðingarsamninga við leyfa ekki ættleiðingar til samkynhneigðra. Staðgöngumæðrun myndi því opna dyr fyrir samkynhneigða karlmenn að eignast börn, jafnvel með sínum eigin kynfrumum. Hafa ber þó í huga að hinsegin fólk hefur eignast börn saman, gert samning sín á milli um forræði og þessháttar og þannig beitt eigin ráðum við frjóvgun. Í slíkum tilvikum væri eflaust betra að hafa skýran lagaramma þannig að réttindi allra, og þá helst barnsins, væru tryggð.

Loks er hópur sem virðist alveg gleymast í þessari umræðu og það er transfólk. Sífellt yngra fólk kemur nú út sem transkonur eða -karlar og eðli málsins samkvæmt eru barneignir flókið mál að loknu kynleiðréttingarferli. Þó er það svo að íslenskir lækmar hvetja transkonur (konur fæddar í líkama karls) til þess að láta frysta sæði og eiga þegar og ef viðkomandi einhvern tímann fer að huga að barneignum. Það er vel hugsanlegt að bæði transkonur og transkarlar myndu vilja nýta sér þetta úrræði staðgöngumæðrunar og teljum við að þau ættu þá að fá það enda teljist þau hæf til þess að ala upp börn.

Það eru margar góðar og þarfar siðferðilegar spurningar í skýringartexta með þingsályktuninni en þar er ekki mikið minnst á hinsegin fólk. Því vilja Samtökin

'78 hvetja þingheim til þess að halda áfram þeirri stefnu sem mörkuð hefur verið, gæta jafnræðis ALLRA þegna landsins og ræða málið fordómalaust gagnvart hinsegin fólki. Ef staðgöngumæðrun verður lögleidd á Íslandi til að aðstoða fólk sem ekki getur eignast börn á venjulegan hátt verður að vera skýrt að fólki sé ekki mismunað eftir kynhneigð, kynvitund eða öðrum mismunarbreytum. Lesbíur sem af einhverjum ástæðum geta ekki sjálfar gengið með börn, hommar og transfólk sem augljóslega geta ekki gengið með og fætt börn, verða að njóta sömu réttinda og úrræða og aðrir sem á annað borð teljast hæfir foreldrar.

Fyrir hönd stjórnar Samtakanna '78,  
Guðmundur Helgason,  
formaður